

Fréttatilkynning frá (<http://www.indefence.is>) hópnum

Að spara aura en kasta krónum - aðgerðarleysi íslenskra stjórnvalda harmað

Íslendingar eiga rétt á að málstaður þeirra verði prófaður fyrir dómstólum og hann varinn í alþjóðlegum fjölmiðlum. Heiður þjóðarinnar og gríðarlegir hagsmunir eru að veði.

Íslenska ríkisvaldið tók þá ákvörðun nýverið að höfða ekki mál fyrir breskum dómstólum vegna beitingar hryðjuverkalaganna hinn 8. október síðastliðinn. Ein röksemdin var að kostnaðurinn við málaferlin sem áætlaður var 200 milljónir íslenskra króna væri of mikill með tilliti til hugsanlegs ávinnings. Þó eru þessar 200 milljónir einungis vel innan við 0,1% af væntanlegum skuldbindingum íslenskra skattþegna vegna uppgjörs Icesave-reikninganna. Með þessum rökum eru stjórnvöld að spara aura, en kasta krónum. Aðrar röksemdir ríkisstjórnar voru þær að málsókn væri ólíkleg til að skila tilætluðum árangri og gæti stefnt “samningaviðræðum icesave-reikninganna í hættu”. Hvorug þessara fullyrðinga hefur verið studd með rökum eða gögnum sem almenningur hefur aðgang að.

Indefence.is hópurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með þessa afstöðu og hvetur stjórnvöld til að leita allra lagalegra úrræða til að fá beitingu hryðjuverkalaganna hnekk. Ennfremur er lagt til að ráðist verði í yfirgripsmikla kynningarherferð á málstað Íslendinga til þess m.a. að vekja athygli umheimsins á eðli hryðjuverkalaga og hversu skaðleg áhrif vanhugsuð beiting þeirra getur haft.

Indefence.is hópurinn hefur beitt sér fyrir því að notuð verði öll tiltæk ráð, þ.á.m. lagaúrræði, ímyndarherferð og harka í samningaviðræðum, til að verja hagsmuni þjóðarinnar í tengslum við uppgjörið vegna Icesave-reikninga, yfirtöku breskra stjórnvalda á Singer og Friedlander bankanum og beitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gegn íslenskum hagsmunum.

Töluvert hefur verið fjallað um ástæður þess að bresk stjórnvöld beittu hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum og yfirtöku Kaupþing Singer og Friedlander. Margir Íslendingar virðast haldnir sektarkennd og hræðslu í þessu máli, þar sem gefið hefur verið í skyn að ríkisstjórn Bretla hafi verið að bregðast við ólöglegum peningafærslum og jafnvel að bankarnir hafi verið viðriðnir peningaþvætti fyrir alþjóðleg glæpasamtök. Þetta er fjarri sanni. Ríkisstjórn Bretlands hefur gefið mjög skilmerkilegar yfirlýsingar um þær ástæður sem lágu að baki lagabeitingum gegn íslensku bönkunum.

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins í lávarðadeild breska þingsins, Lord Myners, lýsti því yfir í þingumræðum þann 28. október 2008 að ráðist hafi verið gegn íslensku bönkunum m.a.vegna þess að grunur lék á að íslensk stjórnvöld myndu mismuna breskum sparifjáreigendum og lánadrottnum í skjóli neyðarlaganna. Það sama sagði annar fulltrúi bresku ríkistjórnarinnar, Ian Pearson, í neðri deild þingsins, þann 6. nóvember 2008. Ekkert er vísað í ólöglegar peningafærslur þar, enda þótt slíkar vísbendingar hefðu gert breskum stjórnvöldum mun auðveldara með að réttlæta aðgerðir sínar gegn íslensku bönkunum. Þar af leiðandi blasir það við að grundvöllur beitingar hryðjuverkalaganna var einungis sá að ríkisstjórn Breta taldi sig geta notað þessi umdeildu lög til að vernda fjárhagslega hagsmuni breskra þegna.